




*Stress -- streitan í taugakerfi og umhverfi -- takmarkar meðvitund
mannanna.*

Meðvitund á að vera í himinsviðd sem hið eina eðlilega ástand

*ekkert hamlar flæði hugans innávið
annað en sá kláufaskapur að safna streitu í taugakerfið*

*stress og syrja í taugakerfi hamlar gegn heilbrigðu flæði í
líkamanum*

*kemur í veg fyrir að við tökum réttar ákvarðanir og
kemur í veg fyrir að við náum árangri,
kemur í veg fyrir að langanir okkar uppfyllist,
veldur veikindum.*

*Meðbyr frá náttúrunni er falur hinum altæra.
Í náttúrunni er allt áreynzlulaust.*

Góprún dimmblá skráir mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

30. ISBN 978-9935-409-29-4

Huginn Muninn

**Valhöll
einherjar**

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejjukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080



*Systkín tvö (sumir segja bræður tveir) fæddust í grasi,
fundust í grasi,
sögðu mikið kríp kríp eða klrip klrip,
eða krunk krunk mjög aulalegt einsog krummaungar gera gjarna
sem er að vorkenna sér mikið.
Konungurinn sá aumur á þeim í umkomuleysi þeirra
og tók þau að sér
svo þau voru alin upp í höllu konungs,
en til er sagan frá Bharata um þetta.*

*Hrafnar Óðins eru etv þessir krunk krunk klrip klrip krummar,
eru ekki synir Óðins*



*heldur fæddust þeir menn á jörðu
uxu úr grasi*

og urðu einherjar í Valhöllu á þessari sinni ævi.

yógín og múní uppljómaðir menn (jógi og munkur) योगिन् मुनिः

val वल् fara nálgast flýta sér snúa aftur heim

Auðveldur er vegur í Valhöll, engin fyrirstaða, enginn hamli, greið leið,

pratyavaayó na vidyate प्रत्यवायो न विद्यते (Bhagavad gíta II40)

einkum ef iðla troðin vegurinn -- enda engin vegalengd í sjálfu sér
frá mér til mín,

enginn kattargarnavegur, engir Kambar,
vegurinn er einsog Ægir og himinninn,
beinn og breiður vegur og fyrir stafni haf og himinninn
bíða allra manna þar æskudraumalönd
heimar sem hugann draga,
hamingjan bíður róleg bakvið yztu sjónarrönd.

Við erum þessi Ægir og þessi himinn!

Við erum einnig krummar þessir -- eða verðum það bráðum.



-Góðan dag, Huginn og Muninn, eruð þið nátthrafnar?

*Þið eruð dæmalaust kauðskir við gang (/hopp) á jörðu,
en listflugmenn í himinvídd -- leikið listir í lausu lofti sem fám
öðrum er lagið.*

-Góðan dag, ljúfa völva.

Það sem ósvinnu mennirnir kalla dag,
er nótt í huga hins uppljómaða,
en jafnvel nóttin er sem bjartur dagur
í huga þeirra sem sjáandi eru

(Bhagavad gíta II69)

Því myrkur, í skilningi hinna sjáandi, er avidya अविद्य (a-vidya, ó-vit) ósvinna, það að sjá ekki sannleikann,

og birta, alvöru birta, er það að sjá sannleikann, sjá í gegnum avidya, hvort sem sólin skín á þennan helming jarðarinnar þessa stundina, eða á hinn helminginn.

Bhagavad gíta II69:

það sem er lífverum sem dimm nótt,
er dagur inum uppljómaða,
því hann er sjáandi og allt er honum birta,
en það sem óuppljómaðar lífverur kalla bjartan dag
er uppljómuðum sem nótt sé,
bjartur dagur er myrkur hinna óuppljómuðu.

Hrafninn flýgur um aftaninn, syngja menn á Íslandi,
og við fljúgum um himinvitund -- ásamt vöku og svefni.

Við höfum óhindrað samband við ginnungagap í vöku sem svefni.

Gjörðir manna, þær sem ekki fá næringu úr ginnungagapi, eru ekki sjálfkrafa týrættar.

Ákvarðanir yfirveganir ígrundun á sviði gjörða, eru máttlausar hafi þær ekki tívatún sér að bakhjarli.

Þær eru á sviði Gunnanna, á sviði vitundarstiganna þriggja: vöku, draumsvefns, djúpsvefns.



Tívatún er alls staðar til staðar,
ginnungagap er alls staðar og við erum í því,
það er í okkur,
skaparinn skóp og steig inn í sköpun sína,

rökhyggja manna hefur innbyggðan hæfileikann til að vera í fullkomnu samræmi við tívatún,
enda manns hugur úr ginnungagapi kominn.

En menn eru ekki allir í sambandi.
Símið bilað,
og höft og bönd ótengd.

En þótt ekki þurfi að leita, því vitað er hvar tívatún er,
þarf að sækja vatni í brunninn.



Lati Geir á lækjabakka er ósnjall maður.

Margir eru sofandi þótt þeir kalli það vöku.
Suma þarf að vekja upp úr vöku sinni til æðra skilnings.

उत्तिष्ठत जाग्रत प्राप्य वरान्निबोधत uttisthata djaagrata praapya
varaannibodhata stattu upp! vaknaðu! umgangstu hina vitru og skildu
þekkinguna.

Þess vegna þarf tækni,
tæknina sem leiðir til uppljómunar,
leiðir í dhyaana,
tækni sem leiðir til samadhi,
tækni sem leiðir til nirvana,

og stunda þarf tæknina og vísindin reglulega alla ævi.

Iðunn er iðkun og Bragi er árangurinn.

Við verðum skáld í þeirri merkingu, kavi कवि, sá sem sér að avidya er
ekki raunveruleg,

काव्य kaavya, skáldið sem hefur hæfileikann til að sjá (vera sjáandi á)
að aðeins ginnungagap er raunveran.
Hann sér að allt í heimi er innst inn flæði vins Valföðurs.

Tæknin verður að lærast og notast rétt,
fingerð, huglæg, áhrifarík, einföld, náttúruleg,
ekkert er eðlilegra manns huga en að sökkva sér í vitund.



tæknin glataðist, og talið var að vinnandi menn hefðu ekkert við andlegan þroskaferil að gera, slíkt væri aðeins útvaldra sem gerðu ekki annað. Og alls konar dúllur mynduðust. Sumar vitagagnslaugar til að sóast.

Sannleikurinn er:

Allir menn eru að þróast, allir þurfa að sóast.

Já, svo fór eitt sinn að talið var að aðeins einsetumenn gætu fundið nirvana, sóast í Glaðheima, þeir þyrftu að loka sig af frá verslunni, en það er alls ekki gefið að einseta og svoleiðis lífsstíll beri árangur!!

Sumir eyða heilli mannsævi og meiru til í að reyna, en hafa ekki tækni til að vígja sig tæra (31.). Að bíða og vona og reyna (og rembast(!)) er ekki nóg!

Maharishi kom með TM-tæknina handa vinnandi mönnum, og einnig handa þeim sem husga ekki um annað en þróun sína, því:

Sannleikurinn er:

Allir menn þurfa að sóast, enda eru allir menn að þróast.

Allir menn verða einherjar अर्य arya (29.),

sem lo er arya: ágætur; hagstæður; sem no: herra,

Allir menn geta verið Huginn og Muninn yogin muni योगिन् मुनि:

Það sem við þurfum að ná, segir vinur maharishis, Tat Vale Baba, er ætíð til staðar, og við erum það. Er þetta þá ekki bara komið?

Þarf þá nokkuð meira?

Já.

Þarf nokkuð þessa tækni úr því að ginnungagap er alls staðar?


Já,

þegar hugurinn er alltaf að hringsóla í hinu skapaða,
sér maðurinn ekki raunveruna.

en

í kyrrasta kraftmesta víðasta ásigkomulagi hugans,
sem verður aðeins fingerð hugsun,
verður einstaklingsvitund Glæðheimar.

Þá er ferlið innávið sjálfkrafa og náttúrulegt mannshuganum.



Ginnungagap var alla tíð, verður alltaf, er hér nú,
hið eina sem gerist er, að hugurinn, sem var ekki meðvitaður um það,
er nú meðvitaður um það.

Það gerir gæfumuninn.

Því þaðan kemur öll næring inn í manns líf.

Óhreinindamor hverfur við þessa vígslu (6., Syn),
streitan gufar upp(!),
-- og þar með pirringur og reiði og vanlíðan öll.

Kærleikur fer að fylla hjartað,
menn elska náungan einsog sjálfan sig, alveg eðlilega,
því ein er vitund og við öll erum hún.



Hver svo sem samgangur þá er,
er hann í gegnum ginnungagap,
frá manni til manns, á sviði handan tíma og rúms,
og kærleikurinn flæðir um allt,

rétt einsog helíum í kælitanki sem opnaður er.
Enda er hér um samskonar eðlisfræðihugtök að ræða.
Kæling og kyrrð og útvíkkun.

Leyfið meðvitund að flæða til uppruna síns,
og gjörðir fá meðbyr lögmála náttúrunnar í tívatúni.

Restin gerist sjálfkrafa,

og aukaverkanir eru gleði og fullkomin heilsa -- þegar streitan hverfur.
(31.)

Með því að sóast reglulega fer maður að sjá að maður sjálfur er ginnungagap.

अहं ब्रह्मास्मि ég er það, þú ert það, allt er það तत्त्वंअसि tat tvam asi

Ahimsa er ekki það að hugsa um þetta og rembast við að meiða engan, heldur það að sjá að allt er ginnungagap, og þá hvarflar ekki að manni að meiða eitt eða neitt. Kemur sjálfkrafa og áreynslulaust einherjum í Valhöllu. (15.)

Einherjar skilja að hinn grófi maður sér allt í sínu gruggi. Einherji veit hvernig eru þau vitundarstig sem hann hefur þegar farið í gegnum, í þessu lífi og á fyrri æviskeiðum. Rétt einsog við sjáum barnaskap barnanna, því fullorðnir voru eitt sinn börn.

Hver maður sér allt útfrá sínu vitundarstigi. Við skiljum alltaf þau vitundarstig sem við höfum farið í gegnum sjálf, og allir menn skilja að dýrin eru ekki eins hápróuð, líkamlega, og maður.

-Hvernig er að vera uppljómaður?

Hvernig er að vera einherji í Valhöllu?

Hvernig er útsýnið úr gluggum Valhallar?

Hvernig er að svífa um himinvitund og horfa á heiminn?

Hvernig lítur uppljómaður maður út, hvernig gengur hann, hvernig talar hann, hvernig hegðar hann sér?

-Ekki eru nein ytri einkenni sjáanleg, völva smá.

Ekki sést á manni hvaða vitundarstig hann lifir.

Ekki sést á útliti manns eða hegðun hvaða vitundarstig hann lifir, en það er mælanlegt, því hvert vitundarstig hefur samsvarandi líkamlegt ásigkomulag.

Tilbúið fas og helgislepja segir ekki neitt.



Ekki er heldur nóg að uppljómaðir lýsi því sem þeir hugsa og sjá.

Orð hinna uppljómuðu skiljast þegar samsviðstæknin er iðkuð og menn verða tærir. (31.) Smátt og smátt tærari og tærari.

Sjálfur leið þú sjálfan þig.

Þá skiljum við hvers vegna æsir þóttu goðumlíkir og að fylgði þeim friður hvar er þeir fóru um lönd.

Þá skiljum við að friður er innan mannanna. (38., 16.)

Þá skiljum við að friður innan mannanna er friður á jörðu.

Í Valhöll eru brynjur á bekkjum og vopn sem húsbyggingarefni

राष्ट्रीय कवच raashtriya kavach konungleg brynja -- þekking.

Þar til við lifum þetta vitundarstig í alvöru,
er verið að rembast við að lifa eftir lýsingu á fjallstoppnum.

Menn finna smátt og smátt.... -- við iðkun tækni sem virkar --

-- *vísindalegar niðurstöður liggja fyrir um TM ,
einu tæknina sem mælt hefur að virkar svona fullkomlega --
hundruð rannsókna hafa verið gerðar á TM -tækninni.*

....hvernig sýn á allt breytist.

Skilningarvitin verða tær.

Hætta að vera streituvaldar!

Allt verður fagurt.

Allt sem lifir er eitt.

Allir þekkja djúpsvefn, draumsvefn og vöku.

Fjórða vitundarstig er að vitund manns er ginnungagap, alheimsvitund, um hríð.

Úpanishad (fyrsta af sex brahmana), upa ni shad, er að „setjast niður“ með kennaranum og læra að skilja dýpstu svið þekkingar, og að við erum hún.

Í meðvitund munu margir tívar vaktir og gerðir lifandi í mannheimi. (25.)

Við eigum mikið ólært og margt eftir að skilja betur.

En nú er engin afsökun önnur en þröngsýni,

því vísindin eru aðgengileg hverjum manni.

Ef við ekki lifum í Sólasælunni eilífu, sem alls staðar er,

munum við ekki vera sæl.

Sælan kemur ekki til okkar af sjálfsdáðum, heldur verðum við að finna hana.

Við þurfum að finna út að við erum hún,
aðeins vissum það ekki fyrr -- vegna eigin ósvinnu!!

Hana er að finna innan hvers einstaklings.
Ekki þýðir að leita „þarna úti“.


Hún kemur ekki neinum trúarbrögðum eða trúleysi eða siðum við,
því hún er alls staðar,
og allir menn hafa greiðan aðgang.

Mannlegt taugakerfi er tækið,
tæknin er einföld,
hin eilífa sæla er það sem við náum.
Ekkert smá neitt það !

Úr því að við erum með mannlegt taugakerfi,
og ábyrgðin er okkar,

við að skilja að hún hverfula síbreytilega versla er ekki hið eina sem við njótum.

Örlög okkar, sem manna, er að ná Sólar sælunni, hamingjunni miklu,



og við ættum öll að gera það strax í þessu lífi,
enginn tilgangur að fresta því til næsta eða næstu æva,
því við lifum miklu betur alsæl og tær
en hálfvansæl í hverfulu smáhamingjunum okkar.
Ekki er eftir neinu að biða.
Smáhamingjurnar koma, og þær fara, sem er leiðinlegt.


Endilega uppljómist sem fyrst, menn.
Endalaus varanleg hamingja, Sólar sæla, biður okkar allra.

Náttúran vinnur með hinum uppljómaða,
hún vinnur fyrir hann,

hugsanir hans eru dñjan-shakti इन शक्ति,
einsog kyrrðin virkar,

hinn mesti kraftur, alls staðar í senn,
hin ósýnilega virkni náttúrunnar,

sem verður framkvæmd, kriya-shakti, क्रिया शक्ति,
sjálfvirk úr kyrrðinni miklu, framkvæmd grundvölluð úr Iðavöllum.



sæla er ið sanna eðli hugans,
hugur verður svinnur

Einherjar vinna fyrir náttúruna.
Ekki með mannlegri áreynzlu og dugnaði,
heldur með þundarkrafti náttúrunnar að baki sér.

Allt kemur af sjálfu sér.

Jafnvel það að ná fullkomnun kemur af sjálfu sér,
því að reyna vona bíða vænta rembast virkar ekki.
Aðeins með fingerðri samsviðstækni -- sem er algjörlega sjálfvirk !!! --
víkkar vitund í Glæðheima.

Hið skemmtilegasta mál er að vera Huginn og Muninn.

Við vitum um fljúgandi búddha-munka sem uppi voru.
Til eru sögur um heilaga menn, karla og konur, sem svifu.
Til eru sögur um vitru konurnar í Ástralíu sem ferðuðust um í loftinu.
Gandreið er það sem heiðnir menn kalla það.

Loki fær léðan fjaðurham hjá Freyju.
Valkyrjur eiga fjaðurhami.
Álftir - á táknmáli goðsagna - eru þessi ferð.
Einnig álfarnir.
Huginn og Muninn svífa um himin -- hrafnsvartir í fjaðurhami !!

Maðurinn með sinn Sleipni, sitt háþróaða taugakerfi, hefur val.

Mannshugurinn er úr sama skipulagi kominn og allt efni og allir kraftar í
veröld.

Maðurinn getur skilið og skilgreint,

hefur rökhyggju,
setur allt í samhengi,
hefur alla vitsmuni samsvarandi tívatúni og skapandi vitsmunum þar.

Það sem verður að skiljast er að hugsanir eru veikar, skammar,
skammæjar, ef þær eru slitnar úr sambandi við ginnungagap.

Þeir sem hafa dñjan-shakti, lifa kyrrðina miklu, hafa áhrifamiklar
hugsanir,
og þeirra gjörðir kríya-shakti, byggðar á dñjan-shakti, hafa mikil áhrif
alls staðar og samtímis, hvorki háðar tíma né rúmi.

इन dñjana vitund, kríya क्रिया sem gjörðir, framkvæmdir

TM-tæknin góða færir hugann í víddina,
sem er grundvöllur alls, er eilífðin,
sem uppiheldur alheimi, er grundvöllur hans



við að mannshugur verður ginnungagap,
öðlast hugurinn þundarflæði,
hver gjörð framkvæmd út frá því sviði
hefur sjálfkrafa kraft þess.

तत्सन्निधौ वैरत्यागः yoga sutra: tat-san-ní-dhau vaira tyaagah,
= við það/hjá því (þ.e. ginnungagap) sam-ní-dhaa, sezt, þ.e. því
sameinast, í nálægð við það, vaira fjandsemi, tyaagah fjarlægð fjarlægist

Í flæði með náttúrulögmálunum, í sátt við goð, og ekkert nema rétt gerist.
Þetta er ekki á sviði hinnar sköpuðu veraldar, en áhrifin koma úti lífið.

Grunnurinn undir sköpunarverkið, hana verslu okkar, er hér.
Versla okkar kemur úr þessu sviði tilverunnar, samsviðinu.
Þetta svið tilverunnar skapar hana,
inniheldur uppskriftina af henni í hverju einasta atriði, stóru sem smáu

añórañíyaan mahatá mahíyaan अणोरणीयान्महतो महीयान्

svo sem hið smæsta af hinu smæsta er,
þannig er einnig hið stærsta af stærsta,

sama reglan, sömu eiginleikar náttúrulögmálanna.

Og allt, allir eiginleikarnir, finnast í kroppnum okkar einnig.

-Fyrirgefið ídettingar mínar, en segið mér, einherjar, hvort allir einherjar reyna að hjálpa hinum styttra komnu á þróunarbrautu sinni, eða hvort sumir þeirra eru aðeins í sinni sæluvímu á afviknum stöðum, svo sem í hellum á fjöllum uppi.

-Endilega gríptu fram í þegar þú hefur svona góðar spurningar á vörum þér, skýra kjaftfora völvu mín.

Við þurfum að segja þér frá vananum.

Vaninn er ríkur.

Athafnasemi er vani, værukært líf er vani.

Uppljómun er ekki doði, ekki dofi, heldur er allt skýrt og tært.

Vaninn veldur því svo hvort menn vinna mikið eða lítið.

Við þurfum að fá leigðan vítahring Þjóðvitnis, einn hluta hans hér:
(Ansi setur hann hátt verð á útskýringarnar sínar! En þær eru snilld, verður að viðurkennast -- þetta er aðgengilegt í 4. skræðu. Höfum það þá þannig.)

Þegar maður uppljómast, sem stundum gerist allt í einu,
-- eða smátt og smátt og annað kastið í senn --
verður allt fallegt og auðvelt og sjálfsagt.



Til að byrja með er 4.vitundarstigið Glaðheimavídd sem varir ekki lengi,

ksañika dhyaana क्षणिक ध्यान annað kastið dvínun,

hnýsast niður og lifa Glaðheima í smátíma í senn.

Sumir kalla „toppa“ svona tærar sekúndur sem koma yfir menn, koma fyrir, svona bara úr lausu lofti(!), „peak moments“ og sumir halda að aðeins sumir náí svona uppákomum.

En allir menn geta lifað öllum stundum á toppnum!



Þegar Glaðheimar vitundar eru varanlegt ástand manns er það toppurinn á tilverunni og sérlega hagnýtt þægilegt og hentugt að vera Huginn og Muninn, hafa ekkert fyrir neinu, þurfa ekkert að hafa neitt fyrir neinu, að allt komi einsog af sjálfu sér, og allt takist áreynslulaust.

Það er einsog maður horfi á Gunnana þrjá (sjá 3., 5.) í glæstum veraldarinnar dansi sínum, en sé ekki þáttakandi heldur horfi á þögull og óflæktur í atburðarás og fjör leiksins.

Þykjustuleikur og þykjustufas eru ekki þetta sem við erum að lýsa.

Einherjar eru ýmist mjög virkir eða bara ekki neitt virkir. Það að uppljómast gerir menn ekki að gufum eða vofum sem ráfa um í stefnuleysi.

Og ekki að ofvirkum brussum heldur.

Menn eru áfram þannig sem þeir hafa vana til.

Vaninn er ótrúlega sterkur.

Góður vani er góður, en slæmir ávanar eru slæmir.

Einherji sem vanur var að vera virkur og athafnasamur verður það áfram.

Munurinn er sá að ákvarðanir hann eru nú Týréttar, og markmið hans er velliðan allra manna og allrar veraldar.

Eiginhagsmunasjónarmið og -dekur er horfið.

Hann sér aðeins hag heildarinnar og annarra einstaklinga og vinnur þeim til heilla.

Einherji sem hefur alla tíð verið latur maður verður, vegna fimbulafls vana, áfram værukær,

en hver hans hugsun er tær og jákvæð og þannig halda hugsanir hans og langanir uppi þundarflæði (sjá 28.).

Við verðum að móta framtíðina,

hún mótar okkur ekki.

Með iðkun TM-samsviðstækni lifum við vitund.
Þá verður framtíðin góð.

Ef við sóumst ekki gerum við okkur slæma framtíð.
Ama hleðst upp í kroppnum okkar og hamlar flæði mjaðar lífsins.

Framtíðin er í okkar höndum.

Endilega lifið frekar sem uppljómaðir menn,
því einfalt er að ná því markmiði,
og
einfalt er að lifa sem uppljómaður maður.

Semsagt: Einfalt að verða altær - og - einfalt að lifa sem altær

Ekki sést á manni hvaða vitundarstig hann lifir,
og alls konar þykjustuútlit er sett á svið hjá sumum.

Margir menn laðast að fögrum orðum loddara,
sem lýsa fjálglega einhverju fögru,
og lýsa því helvíti sem er að lifa ekki ljósið,
-- en hvernig eiga gruggugir menn að sjá mun á einum og öðrum?

En líklega er samt eitthvað við suma uppljómaða menn sem laðar fólk að þeim,
vesenið er að sumir byrja að dýrðka mennina í stað þess að skilja hvað þeir eru að útskýra.



Oftast er það vegna þess að hinir uppljómuðu lýsa hinu og þessu

en hafa enga tækni til að kenna mönnum

lýsa aðeins eigin vitundarstigi.

Ég get eins reynt að kenna litlum grísum stjörnufræði.

Það er nefnilega ekki nóg að segja frá hvernig útsýnið er á toppnum og
lýsa því fjálglega,

því sá sem er í urðinni eða í dalnum eða í skóginum á láglandinu þarf að
fá lýsingu á leiðinni upp.

Hvar á hann að taka sitt næsta skref.

Valhöll er ekki dauðra manna bústaður,

Valhöll er að lifa himnaríki á jörðu, sprelllifandi.

Valhöll er 5. og 6. vitundarstig sprelllifandi manns.

Í Valhöllu búa einherjar,
þeir sem uppljómast hafa til hærri vitundarstiga en hins fjórða.

Ekki á helvíti neitt skylt við Helju (13.),

Urðut allir menn jafn spakir -- (sjá Ríg, 11.)
Huginn og Muninn, yogin og munih, eru menn komnir í Valhöllu,

fljúga frjálsir um himinvitund.

Lýsingu á TM og því sem menn græða á 4.vitundarstiginu
er að finna í vísu 138 o.áfr. í Hávamálum,
Í vísunum sem á eftir koma eru talin upp hin góðu áhrif þess að sóast,
fimbulrúnir, galdrar góðir og ljóðin.

कर्मसु कौशलम् karmasu kaúshalam, er gjörðataeknin, sem virkar
fullkomlega

-- þegar maður er kominn í Valhöll.
Þegar maður hefur vald á ljóðunum og göldrunum góðu.

Loddfáfnir,
ef hann ekki þekkir af eigin raun það svið sem tívar dvelja á,
hefur ekki gagn af bókstafslærdómi, utanaðbókarlærdómi.


En sá sem þetta svið þekkir af eigin raun
hefur tengingu við raunveruna
og lifir allan skilning.

Rúnatal og ljóðin í Hávamálum,
þekkingin mikla
um svið framþróunar og æðra lífs,
skilst af þeim sem eru uppljómaðir eða alveg að komast í Valhöll.

djñanakanda इन कन्द þekkingarkaflinn

Auðvitað skilja ekki allir. (11., Rígur.)
Fullorðinn skilur oftast meira en smábarn,

einherji skilur alltaf meira en óuppljómaður maður.



Við skiljum þau vitundarstig sem við höfum lifað,
en ekki þau sem við eigum í vændum,
vitum etv ekki að þau eru til !!!

En öllum er nauðsyn.

Nú er það svo að sum börn sem fæðast eru komin langt á þróunarbrautu sinni,
lengra en hinir fullorðnu í kringum þau,
rétt einsog stundum eru börn gáfaðri en foreldrar og kennarar.

En skáldfífla hlutur táknar bókstafstrú og skilningsleysi,

ekki eitthvert ræpusull miðað við ælu,
heldur óæðri enda sull - og - æðri enda flæði.

Þetta er um _skilning móttakandans_ á því sem Óðinn sótti í hellinn.

Hellirinn mikli kemur fyrir í sögu í Bharata um, Saramaa, सरमा
tík himnanna,
tík Indra og guðanna,
tikina sem fer ótrúlega hratt yfir, einsog nafnið bendir jü til,

enda þýðir sara सर flæði

Hún fann kýrnar sem stolið var og faldar voru í hellinum.
Hvaða kýr eru þetta sem við eigum en eru horfnar og þarf að leita?
Hvaða tík er þetta sem er í raun flæði sem finnur það sem við leitum?

Hvað er falið í hellum?
Eigum við alltaf möguleika á að finna allt í hellum?
Eru þessir hellar Hnitbjörg?

Eigum við réttilega það sem við finnum í eigin innra helli,
þurfum aðeins að fara að ná í það,
stela því til baka!!!? einsog Saramaa fann týndu kýrnar.

Ósvinnan stelur því frá okkur - okkar sjónum.

Hvers vegna hellar?
Hvers vegna Hnitbjörg?

Til að byrja með, þegar maður kemur úr dagsbirtunni inní dimman helli
hefur augað ekki aðlagast og allt er í myrkri í fyrstu,
en þegar maður hefur dvalið þarna oft og lengi,
fer allt að skýrast,
smáatriði koma í ljós,
stærð hellisins og lögun einnig,
allt sem þar er að finna.

Eins er um mann sem byrjar að stunda TM,
fyrst er einsog hann sökkvi í tæran Ægi,
og hann brosir óvart,

svo fer hann, í tímast rás að kynnast Ægi,
nemur fingerðari og fingerðari lög vitundar sinnar,
finnur sig æ meira og meira heima hér.

Æfingin skapar meistarann,
ástundun, Iðunn, er leiðin til fullkomnunar,
Síðhattar markmið.

Síðhöttur सिद्धर्थ Siddhartha (siddhi fullkomnun, artha markmið, 29.).

Margir sem nú eru að fæðast inní sat-yúga skilja
(„Indigo“-börnin),
skilja jafnvel betur en kennarinn sem er að kenna okkur allt um
sannleikann!!

Skilningur þess sem hlustar gerir gæfumuninn.

Hugur þeirra, sem nú eru að fæðast til sinnar Skuldar, síns dharma,
inn í sat-yúga,
finnur fljótt leiðina til fullkomnunar.

Við þurfum aðeins að sjá til að öllum börnum standi þekkingin mikla til
boða, alls staðar í heiminum. (37.)

Hanga á vindgameiði, eða vingameiði,
falla aftur þaðan,
hafa numið upp fimbulrúnir og stinna stafi.

Þetta er það sem

heimspekin leitar,
og vísindin leita,
og við öll leitum,
kannski án þess að gera okkur grein fyrir.

Það hefur aðeins vantað haldbæra tækni,
tækni sem virkar.
Hún er TM og hefur verið til í þúsundir ára.
Nú fól öllum mönnum, hentar hverjum sem er.

Tæknin er tær þekkingin, tær vísindin.
Tæknin og vísindin eru eitt og hið sama.

Við getum látið mæla heilann okkar við iðkun TM á EEG (heilalínuriti).

Einnig niðurstöðuna borið saman við alls konar svokallað yoga,
svokölluð yogatækniabrigði, sem ekki virka alla leið í yoga,

kannski ekki nothæfar nema til að slappa af um stundarsakir.
Það kemur á skjáinn (EEG) hvort og hvað virkar,
-- ekki aðeins svart á hvítu heldur í technicolor!!

Veiztu, litla völva, já líklega veiztu þetta:
skilningarvitin verða næmari við að maður kemst á hærra vitundarstig.
Þókan og dofinn hverfa.

Allt verður fagurt í veröld.

Kannski halda menn að gruggug skilningarvit séu hið eina sem er,
og það sé í lagi svona, og eigi að vera svona.

Enda vita þeir ekki að annað og betra er til. (31.)

Einherjar æsa sig ekki yfir tilvikum,
sjá þau í víðu samhengi,
horfa á öldur Ægis ybba sig.
Líðandi stund er ekki gripin útúr samhengi.

Auðvitað þarf að útskýra.

Við útskýrum fyrir börnum,
og við útskýrum fyrir þeim sem ekki eru einherjar ennþá.

Maður skilur þau vitundarstig sem eru að baki
en ekki þau æðri sem maður hefur ekki náð.

Maður sem lifir í ótærleika veit ekki annað en sitt vitundarstig,
en hann skilur vel að dýrin eru vanþróaðri en hann.
Hann skilur ekki þau vitundarstig sem hann lifir ekki enn sjálfur.

Hann er maður með háþróað taugakerfi,
en ekki þar með sagt að hann sé betri en dýrin.
Ekki heldur mælikvarði á að hann sé gáfðaður eða heimskur.



Smátt og smátt verður breyting á skilningi.

Maður sem lifir Valhöll sér alla hluti bjartari og fallegri.

Það er vegna tærleika eigin taugakerfis
en ekki vegna hlutanna sem slíkra.

Hlutir og atvik sem hafa áhrif á skilningarvit og tilfinningar
eru ekki það sem skiptir máli,
heldur tærleiki taugkerfisins.
Tærleiki þess sem nýtur.

Altær og streitulaus maður (31.) er uppljómaður maður.

Vitundarstig manns, og þá einnig uppljómun,
mælist í tærleika kroppsins!!!

Ástand huga og líkama fer saman,
svo hugarástand mælist í kroppnum okkar.

Þegar við nú fréttum af þessum vitundarstigastiga, „stigastiga“(!)
getum við lært,
að gott er að temja sér jákvæðni,
venja sig af neikvæðni og illu tali.
vera ekki alltaf að naggast úti augnablikið.

Pollianna er rosalega jákvæð, og sér aðeins gott við atvikin.
En maður verður að vera alvörupollíana.
Annað er þykjustu, uppgerðarfas,

-- og slíkt hleður upp streitu,

er ekki ekta

svo bara springur áreynzslublaðran allt í einu
og subbið gubbast yfir þann sem nærstaddu er - af tilviljun.

39.: Maharishi aayurveda bendir á góðan áunninn hegðunarvana

hegðunar-„rasayana“:

Vertu jákvæður og veltu þér ekki uppúr hinu neikvæða.

Pössum að vera ekki að þykjast.
Ekki vera með látalæti,
yfirborðsfas,
sýndarmennsku,
undirniðri grautfúl úti mótlætið og úti heimsins laun vanþakklætið.

Samatva, fullkomið jafnvægi, er afleiðing hækkaðs vitundarstig.

समतं योग उच्यते samatvam yóga útchyate Bhagavad gíta II48

sama-tva jafnaðargeð

eðlilegt ástand

hið eina eðlilega ástand,

-- og allt annað er óeðlilegt ástand

Rangt er að þykjast ekki sjá mun á sorg og gleði,
þykjast ekki finna mun á hita og kulda.
Þótt við vitum að hinn uppljómaði taki þessu með fullkomnu jafnaðar-
geði,
er ekki leiðin að gera sér þetta upp.

Að missa ástvin er alltaf sárt,
en við vitum að karma hans í þessum líkama var búið
og að hann fæðist aftur. (13., Helia.)
Sorgin er því ekki um dauða heldur um missi fyrir mann sjálfan.

Góð ástkær hugsun eftirlifenda er gott veganesti til Heljar.



-Fögru tæru menn í gervi hrafna

– í hrafnshami svörtum að táknmálssið,

*og hápróuðu einherjar í Valhöllu,
segið mér nú meira um þessi margumræddu vitundarstig mannanna.*

Einnig, hvers vegna þessi samanburður milli heiðni og vedavísinda?

*Það er eitthvað sem allir viðmælendur mínir virðast ganga útfrá sem
gefinni forsendu útskýringanna.*

*-Ljúf varstu að spyrja, völva smá, og margur maðurinn mun njóta góðs
af.*

*Fyrst vísindi vedanna og heiðnin virðast eiga svo ótrúlega margt
sameiginlegt,*

er gaman að draga það fram í dagsljósið.

*Við skulum benda á ritgerð Halolds S. Harung, sem birtist í vísindaritinu
Journal of Human Values 1996:*

*Ber að nefna
hvernig tilurð heims er lýst í báðum siðum,
heiðni og vedavísindum,*

að menn vita
 að ekki urðu allir menn jafnspakir,
 þeas að sumir menn eru þróaðri en aðrir (11., Rígur) þegar þeir fæðast.



Vedavísindi og heiðni vita, og skýra frá,
 að hægt er að lífga vitund sem er æðri mannlegri einstaklingsvitund,

og vita
 að til eru æðri vitundarstig þeim þrem, vöku draumsvefns djúpsvefns,
 sem hinn ósvinni maður þekkir eingöngu.

Við finnum einnig
 að hægt er að hafa áhrif á heimsvitund til þróunar með því að sóast og
 nema upp fimbulrúnir,

þar eð hver þjóðarsál á grunn sinn í eindinni miklu,
 er vitundarstig einstaklinganna, þar með, ráðandi í þjóðfélaginu.

Báðir þessir ævafornu siðir,
 þótt sennilga sé heiðni mun yngri og virðist úr vedavísindum komin,
 vita og skýra frá
 að mannleg vitund getur transcenderað,
 þ.e sameinast alheimsvitund,

og
 að slíkt gefur tærleika,
 hreinsar menn af gruggi og synþ,
 fleytir þeim áfram á þróunarbrautu,
 yfir fyrri synþ og slæma Skuldu.

Menn hanga á vindgameiði, nýsa niður,
 og koma úti hugsanir á ný með reynzlu af ginnungagapi,
 þekkingu sem því fylgir.

Það veldur hækkuðu vitundarstigi,
 og gefur kraft úr tívatúni til allra framkvæmda með hugsun einni saman.

aftur hér: समत्वं योग उच्यते samatvam yóga útcjyate

sama-tva jafnaðargeð
eðlilegt ástand
hið eina eðlilega ástand,
og allt annað (allt ósamræmi) er óeðlilegt ástand.

Einfaldasta ásigkomulag meðvitundar manna
er svið allra möguleika,
á vísindamáli kyrrð, samsvið,
hvaðan óendanlegir möguleikar sköpunar koma,
hvaðan alheimur er kominn.

Þetta er hið kyrrasta víðasta kraftmesta svið mannlegrar meðvitundar.

Þeir sem vita af því og lifa það öðlast hæfileika til að vinna útfrá því.

Er möguleikar alls,
frá vísindalegu sjónarmiði:
kyrrð, samsvið allra náttúrulögmála,
úr hverju alheimur kominn er,
svið óteljandi og óendanlegra möguleika sköpunar.

Alls þessa vegna tala allir um heiðni og vísindi veda sem náskylda siði.

Hér kemur svo um vitundarstigin sjö:

Vitundarstig manns ákvarðar
hvort vitund eða efnisheimurinn ræður ríkjum í huga hans,
í lífi hans.

Ekki lifa allir menn sama vitundarstig (Rígur, 11.).

Þekkingin er mismunandi í hugum manna,
mismunandi manna í milli:

það sem einn kallar þekkingu (kannski einhvern skáldfífla hlut) kallar
annar ósvinnu,
enn annar grunnlausan lærdóm,
enn einn vísar í prófgráður sínar,
einhver kallar það endalaust þrúgl um eilífðarmálin hundleiðinlegu,
vegna þess að
vitundarstig hvers og eins „litar” skilning hans.

Við skulum taka til samanburðar:
Hundur finnur hverja einstaka lykt í lykrakraðaki með sínu næma nefi,

mannsauga sér hluti, sem ekki eru endilega á hreyfingu, greinlega aðskilda, en hundurinn ekki.

Hundurinn tekur eftir því sem er á hreyfingu.

Tökum sem dæmi að hellt sé úr boxi fullu af hnöppum og tölum á bakka.

Við menn sjáum hvaða hnappur hentar til að sauma á flikina.

Hundur sæi ef padda hreyfði sig innanum hnappana, eða skopparakringla væri sett á þeyting á bakkanum.

Hundur getur þefað uppi eina ákveðna lyktartegund í lyktarkraðaki, t.d.

fíkniefni, en við getum það ekki því allt rennur saman í bara „einhverja lykt”.

Þetta var auðskilið:

mismunandi næm skilningarvit tegundanna.

En þegar kemur að því sem skilningarvit nema ekki, og við förum fram á skilning, mannlegan skilning, er erfiðara að útskýra málið.

Auðvitað sáum við, strax í barnaskóla, að börn voru misjöfn, misjöfn að upplagi, og misjöfn í hátt og hegðun, sumir hrekkjöttir, aðrir hjálpsamir, sumir gáfaðir, aðrir tregir, það voru kennarasleikjur og uppáhöld, lítill grimmur heimur með goggunarröð og miskunnarleysi.

Við sáum ekki að streita í taugakerfi olli skorti á innri friði.
(Vitundarproskamenntun, 37.)

Börn reyna alltaf að bæla og fela það sem er veikur punktur í þeirra lífi.

Nú vitum við að börn sem fæðast eru mislangt komin á sinni þróunarbrautu, (Rigur, 11.)
og þau fæðast til sinnar UrðarVerðandiSkuldar á þessum stað,
þessum tíma,
hjá þessum sínum foreldrum.

Þótt þau erfi allt mögulegt frá foreldrum sínum
er ekki þar með sagt að þau séu á sama vitundarstigi,

en þetta líf, sem þau kuru sér, er þeirra dharma, þeirra rétta líf
eftir Helju,
og Skuldu þarf að afgreiða.

Nemendur í heimsins fullkomnustu skólum (37.) fá reynzlu af

fjórða vitundarstiginu,
sem leiðir til fimmta sjötta sjöunda vitundarstiganna.

Allt kemur áreynzlulaust,
en TM-tæknin þarf að lærast rétt.

Rétt einsog svefn og vaka kemur áreynzlulaust,
þannig ná menn æ æðri vitundarstigum áreynzlulaust, eðlilega,
náttúrulega,
því það er náttúra hugans að sækja í kyrrð.

Aldrei rembist náttúran við neitt.
Hún fer alltaf auðveldustu og áhrifamestu leiðina.

Þannig eðlileg og náttúrulegt er TM-tæknin.

Hér vísa ég til radja Raam og bóka hans, en hann skrifar undir nafni
sínu Tony Nader (MD, PhD) um hið háþróaðasta í læknávisindum

og vísa í lýsingar maharishis á vitundarstigunum og samsvarandi
líkamlegum eiginleikum sem mælast vel.

7 vitundarstig eru:

djaagrat,
swapna,
sushupti,
turiya,
turiyaatiita,
bhagavat, braahmi

hvert og eitt með mælanlegt samsvarandi líkamsástand.

* Sushupti avasthaa eða sushupti chetanaa djúpsvefn,
slökkt á öllu,
þalamus, Sól, lýsir ekki innra sem ytra einsog vera ber um gyðjuna
miklu. (24., 17., 18., 20., „lampinn við dyrnar“)
Steinsofandi maður nemur ekki neitt.

** Swapna avasthaa eða swapna chetanaa
(svapn sama orð og svefn, chet ((frb.tsjet), geð) draumsvefn,
líkt ástand djúpsvefni, nema hvað undirmeðvitundin er að garfa í
gömlum upplýsingum og uppsöfnuðum áhrifum, búandi til úr þeim
ímyndunarraunveruleika.
Slökkt á lampanum, og viðkomandi maður er á kafi í óraunverulegum
draumheimi.

Utanaðkomandi hljóð (áreiti) geta fléttast inni hugsanir dreymandans.
Ómur af veruleika, ekki skýr hugsun.

„REM“ er „rapid eye movement“, því undir lokuðum augnlokum sést að augun eru á hreyfingu þegar maðurinn dreymir.

Vitundarstigin eru greinilega aðskilin hvert frá öðru:

Maharishi útskýrir brosand:

-T.d. ef maðurinn dreymir að tigrisdýr sé að elta mann og maður hleypur sem mest maður má,

vaknar svo upp í ofboði og hleypur og nær í ríffilinn, hvar er þá tigurinn??

*** Djaagrat avasthaa, jaagrat chetanaa, vökuástand (óuppljómaðs) manns,

þar sem við nemum áreiti frá umhverfinu, og það svo afgerandi að maðurinn (sá óuppljómaði) veit ekki af uppruna sínum, innsta eðli sínu, aatma.

Veraldardansinn yfirsýggir raunveruna.

„Lampinn“ lýsir úti en ekki inni.

Umhverfið virðist raunverulegt einsog skilningarvitin koma því til skila til heilans.

Vandamálið er þó að þykkt lag ósvinnu liggur yfir vitund mannsins.

Áhrifin eru „lituð“ af grugginu og nemast því upp sem hleypidómafull órökstudd áætlun um hvað maður sér/þykist sjá /telur sig sjá sem „alvöru“.

Hér eru langanir um framtíð og minningar úr fortíð að hringla í huganum.

Þeim mun meiri gruggur sem er í taugakerfi mannsins, þ.e. myrkrið innra með manninum, þeim mun óraunverulegri er sýn hans á umhverfið, hið veraldlega allt um kring.

Þetta er því miður þrjú vitundarstig margra óuppljómaðra manna, sem eru algjörlega úr tengslum við vitund.

(þaðnja aparadha, vitsmunir mannsins gera mistök vegna þess að þeir hafa dottið út úr heilbrigðu ferli sínu (3.).

**** 4. Túriya avasthaa eða túriya chetanaa er „hið fjórða“ stig vitundar, orðrétt þýtt.

Það næst með TM.

Það mælist greinilega, algjörlega aðskilið frá hinum þrem.

Maðurinn upplifir heild, allt sem eina heild, en ekki neinar smáupplifanir, eða einn og einn hlut sem eitthvert atriði, og hér er ekki virk mannleg hugsun.

Hugur orðinn fingerður, hugsun hverfur að lokum, sóast algjörlega.

Þetta gerist sjálfkrafa þegar menn hnýsast niður, nýsa niður, innfyrir mannlega hugsun.

Ekki er hægt að rembast við að ná fjórða vitundarstigi, jafnvel þótt það sér mannum ofureðlilegt og náttúrulegt að lifa það.

Lampinn okkar lýsir innra, en ekki ytra.

Þetta er því aðeins um stundarsakir, því menn falla aftur þaðan úti hugsanir í veröld á ný.

En nú hefur hugurinn fengið vitneskju um vitund.

Forvitni mannshugans er vakin á því sviði veraldar sem skilningarvitin geta ekki frætt hugann um. Þarna opnuðust dyr til framþróunar,

--- einmitt til þess sem jarðlíf er ætlað fyrir!

Óuppljómaður maður vinnur ekki útfrá fjórða vitundarstiginu, en þar nemur hann upp fimbulrúnir og stinna stafi sem smátt og smátt nýtast í lífinu, og hann byrjar að temja Sleipni sinn til tíðari ferða og óheftaðs samgangs. Þá vex ekki hávu grasi og hrísi leiðin sem illða skyli troðin.

TM er nefnilega beztu vinur mannsins, segja menn.

Heimsækjum Glæðheimi, gleikkun einstaklingsvitundar í eilífð.

***** 5. Túriyaatiita avasthaa eða túriyaatiita chetanaa (Valhöll, æðra stig hinu fjórða) er komið þegar maður hefur komið lampanum sínum vel fyrir í dyragættinni þannig að maður nemur hið ytra og hið innra hvort tveggja saman.

Hér sér maður sjálfan sig sem eilífan og óumbreytanlegan, en horfir á veröldina og allt hennar spil einsog utanfrá! Sem þögult vitni alls.

Gruggurinn og óþverinn, streitan öðru nafni, er horfinn úr taugakerfinu. Maðurinn er uppljómaður, sér vitund, sér veröld, skilur tilveru sína, lifir í Valhöllu, er einherji.

Það er skrítið að sýnast veröldin vera að klofna í tvennt, hið sýnilega og uppruna sinn. Menn verða að skilja að þetta er ekki rugl heldur opnari vitund. Annars fara þeir að spyrja einhvern óuppljómaðan, t.d.

sálfræðinginn eða geðlækninn, og þeir bendla þetta við sína brotakenndu menntun og skilja ekkert hvað er raunverulega að gerast.

Á þessu inu fimmta vitundarstigi finnur maður innri styrk og stöðugleika.

***** 6. Bhagavat chetanaa er hið sjötta vitundarstig manns. (Valhöll, fagaðra 5.vitundarstig.) Maharishi kallar það einnig að lifa alheimsvitund á glæsilega fagran hátt. Skilningarvitin eru tær og skörp, og nema allt flekklaust,

allt verður skýrara, því altær maður „sér“ einsog Sága,

heyrir einsog Heimdallur, er orðinn Bragi skáld, kafi, sá sem skilur og sér og segir öðrum frá því hvernig eðlilegt líf er.

Segir öðrum að óeðlilegt er að vera óuppljómaður og lifa í ósvinnu.

nísta निष्ठ

er: hefur stöðugleika og fastan grunn í tilverunni,
stendur föstum fótum í eindinni, er við akkeri í lífinu,
er ekki vindum og veðrum háður í lífsins ólgusjó.

Etv er nísta निष्ठ skylt nýsta ek niður,
sem er orðalagið notað til forna,
talið þt. af hnýsast, hnýsa(st) nt, hnýsta þt
(nykur, 29.)

Þessi stöðugleiki og öryggi gerir manni kleift að meta öll gæði
veraldarinnar hiklaust,
án ótta við að skilja ekki vel,
án nokkurs efa um eitt eða neitt.....



-Er efinn til?, spurði heimspekingurinn,
he he he he

-Góður þessi!
Greinilega um gáfaðan og óuppljómaðan, hugsandi og þælandi heim-
speking, þessi ágæti brandari.

Óuppljómaðir menn hugsa mest um efni og hugtök án fullkomins
skilnings.

Hinir uppljómuðu vita af birtunni miklu.
Þeir menn vita hvers inn óuppljómaði maður fer á mis
-- þótt honum lítist vel á sinn eldklára koll.
Hver og einn sér út frá sínu vitundarstigi.
Allir menn verða að vita hvað er í vændum,
og vita hvernig maður hraðar þróun sinni,
og nær tilgangi lífsins.
Öll þróun leitar fullkomnunar -- og við auðvitað líka.

Hið eina sem þarf, ráðleggur maharishi mannkyninu, er að tengja vöku við 4.vitundarstig, að nýsast niður, með TM-samsviðstækninni, og fá reynslu af æðstu þekkingu.

Þekkingin er til staðar í vitund,

og

TM-tæknin hentar öllum mönnum, vinnandi sem hugsandi.

Kshanika (stöku sinnum í smátíma) dhyaana (ástand án hugsana) er byrjunin.

Þegar maður lifir fimmta vitundarstig, Valhöllu, sér hann smátt og smátt og betur og betur hvernig hið skapaða, á sinn undursamlega hátt, er orkumikil útgáfa af eindinni miklu sem innan alls er.

Þegar mannleg vitund er komin á þetta stig, á leið sinni til fullkomnunar, eru efni og orka séð sem fagurt og fullkomið, hverfult og síbreytilegt, sjónarspil sem úr hinu óumbreytanlega kemur.

Í Valhöllu (5. og 6. vitundarstig) lifum við dyggðir og dharma sjálfkrafa. Við sjáum til hvers lífið er.

Tilganginn.

Einu sinni komin í samadhi (ek gefinn sjálfum mér í eind), lifum við öll brátt dyggðir og dharma sjálfkrafa.

Maðurinn þarf að vita að vitund sefur aldrei;

hún er sívökul og óendanlega orkumikil kyrrð,
úr hverri mannshugurinn komin er.

Það væri ekki gott ef vitund sofnaði.

Hvað yrði þá um heiminn?

Ekki eingöngu einhver lítill ragnarakaferli, heldur varanleg vandræði.

Nei, eilífðin sofnar aldrei.

Vitundarstigin má einnig sjá sem samsvarandi höfuðskepnunum.

Svo margt er hægt að læra hér.

Þekkingin er mismunandi eftir því hvaða vitundarstig maður lifir,

þekkingin er í mannlegri vitund.

Far að finna opt.

***** 7. braahmii sthiti or braahmii chetanaa

Menn sem lifa eind, hafa náð 7.vitundarstiginu.

Ekki lengur sést sem skapaður heimur sé aðskilinn frá vitund manns, heldur er maðurinn nú í eind með öllu.

Hann er allt, allt er hann.

Mannsins vitund hefur reynzlu af tívatúni og alheimsvitund öllum stundum.

Hverju svo sem sá maður lendir í er vitund ætíð leiðandi.

Hvort sem hann fær reynzlu af efnisheiminum, eða hann talar, hugsar, gerir eitthvað.

Meðvitund hans er fyllilega vökul,

ekki er um smáhluti að ræða -- hversu afgerandi sem þeir virka í huga hins óuppljómaða, einsog menn sjá blóm, fil, fjall, sólkerfi –

-- sem hann auðvitað sér líka.

Hann skilur þetta í samhengi við eindina, sér að þetta er hún, úr henni komið og stengt ekki án hennar.



Hann horfir á blóm,

og sér að það er flæði þekkingar,

hunangsmjöður sem verður að stilk, rót, grein, blaði, blómi og litum.

Hann sér blómið,

en það er ekki yfirþyrmandi,

skyggir ekki á það sem það raunverulega er:

flæði þekkingar.

Það sem skilningarvitin nema yfirtekur ekki athyglina frá heildinni.

Ytra sem innra, heild lífsins, er hans líf.

Hið síbreytilega, hið óumbreytanlega, sést saman,

þannig að fagurt blóm er fagurt en er í raun eindin.

Sýn sem er altær.

Enginn gruggur, ekkert myrkur, engin þoka, hvorki á sviði

skilningarvitanna, hugans, vitsmunanna, einstaklingsvitundarinnar.

Þegar við lifum 7. vitundarstig, eind með öllu sem er, finnum við tíva.

Þeir muna náttúrulögmálin.

Þar sem minni er þar er hreyfing,

þar sem hreyfing er er hljóð.

Úr Mími, minni, स्मृति kemur því hljóð Heimdallar, shruti श्रुति

shrúti smrúti er nátengt. Þar er hljóð Heimdallar fólgt.

Shrúti þýðir: það sem heyrt er.

Það sem við heyrum er flæði. Við köllum það mál.

Mál vedanna heyra hinir altæru menn.

Engu vitundarstigi nær maður með áreynzlu.

Gleði Glæðheima er hér,
og ekkert er náttúrulegra en lífa hana.

Læra þarf rétta tækni, TM sem virkar,
og gera svo ekki neitt,

ekki einu sinni vænta vona bíða.

Aðeins gera ekki neitt.

Endurtekið: Engu vitundarstigi nær maður með áreynzlu.

Öll börn þurfa að læra tækni og vísindi vitundar (37.),

vita til hvers við erum að fæðast,
til hvers við erum að lífa.

Börnin sjá ekki tilgang í tilverunni ef enginn kennir þeim þessa æðstu
vitzku.

Eina sem haldið er að sumum börnum er að standa sig,
læra til að fá vinnu, vinna, vera fjölskyldunni sem fjöður í hattinn.

Hver einasti lifandi einstaklingur þarf að hafa aðgang að þekkingunni.

Við verðum að sjá til þess.

Enginn má fara á mis við þekkinguna um sannleikann og manninn.

Líkami okkar, segir radja Raam, fyrsti konungur Heimsríkisins, stjórnast
af sérstökum eiginleikum vitsmunanna.

Þeir eru 40,

(einsog 4 vedur + 36 vedabókmenntir); hver eiginleiki þekktur.

Öll hin skapaða veröld ber vott um vitsmuni.

Innri vitsmuni hvers og eins, frá vöggu til grafar, allt hans líf og öll hans
ótal mörgu æviskeið.

Vitsmunir eru afgerandi.

Þetta þarf hvert mannsbarn að læra ef það á að kallast menntað,

því þetta eru hin háþrúðustu vísindi sem finnast á jörðu.

Öll náttúran gleðst þegar einhver einn maður uppljómast.

Gleðst yfir hverjum og einum sem verður tær, gerist einherji í Valhöllu.

Sami grunnurinn er í öllum trúarbrögðum og siðum,
þegar yfirborðsdótariinu hefur verð svipt af:

Vertu án Gunnanna þriggja -- tvisvar á dag alla ævi, (=stundaðu TM)

nistraigunyo bhav निस्त्रैगुण्यो भव्

og framtíð muntu skapa þér fagra
og veröld öllum mönnum bjarta og góða.

Menn kynda bál þekkingar.

Tilhlökkunarefni.



Stemman við Hrafnagaldur Óðins,
hratt, spenna og dulúð, ekki drungalegt,
stundum má vera létt (stakkato), stundum samhangandi (bundið)
stundum hátt (sterkt, forte), stundum nærri því hvísl (lágt, piano)

Ekki kveða á uppmælingataxta, krakkar, heldur setjið tilfinningar í
flutninginn. Dulúð og kraft, tærleika og fegurð.

sjá nótur á næstu síðu(m)

og svo kvæðið, sem einnig nefnist Forspjallsljóð,
gæti bent til að það hafi verið flutt á undan einhverju,
og gaman væri að taka upp þann háttinn á á ný:

moll	önnur rödd kórs má syngja ferund ofar
la la do tí	d d f e
la la do tí	d d f e
la la do tí	d d f e
la ,so ,sola la-	d c cd d-
la la do tí	

la la do tí
la la do tí
la so sola la-

vísur (eða vísuhelmingar) merktar <
einni heilnótu ofar

	hin röddin ferund ofar því
h h d ces	e e g f
h h d ces	e e g f
h h d ces	e e g f
h a ah h-	e d de e-
h h d ces	
h h d ces	
h h d ces	
h a ah h-	

vísur (eða vísuhelmingar) merktar < einni heilnótu ofar (hér H;
ekki skrifað á nótunum hér að ofan)
vísur (eða vísuhelmingar) merktar << byrjar lítilli þríund ofar en sú in
fyrsta vísan (hér á C, og athugið þá C C Es D (moll) -- ekki C C E D (dúr)

vísur merktar * byrja sem sú in fyrsta (hér á A (moll))

Hrafnagaldur Óðins, kvæðið er einnig nefnt forspjallsljóð

*Alföður orkar
álfar skilja
vanir vitu
vísa nornir
elur íviðja
aldir bera
þreyja þursar
þrá valkyrjur.

* Ætlun æsir
illa gátu
veður villtu
vættar rúnum;
Óðhræris skyldi
Urður geyma
máttk at verja
mestum þorra.

< Hverfur því Hugur
himna leitar,
grunar guma
grand ef dvelur;
þótti er Þráins
þunga draumur,
Dáins dulu (dvergur)
draumur þótti.

* Dugur er með dvergum
dvína, heimar
niður að Ginnungs
niði sökkva;
oft Alsviður
ofan fellir,
oft af föllnum
aftur safnar.

< Stendur æva
strind né röðull,
lofti með lævi
linnir ei straumi
mærum dylst
í Mímis brunni
vissa vera;
vitið enn, eða hvað?

* Dvelur í dölum
dís forvitin,
Yggdrasils frá
aski hnigin;
< álfa ættar
Íðunni hétu,
Ívalds eldri
yngsta barna.

<< Eirði illa
ofankomu,
hárbaðms undir
haldin meiði;
> kunni síst
að kundar Njörva,
vön að værri
vistum heima.

* Sjá sigtívar
syrgja Naumu
viggjar að véum;
vargsbelg seldu,
< lét í færast,
lyndi breytti,
lék að lævísi,
litum skipti.

* Valdi Viðrir
vörð Bifrastar
Gjallar sunnu
gátt að fréttu,
heims hvívetna
hvert er vissi;
Bragi og Loftur
báru kviðu.

Galdur gólu,
göndum riðu,
Rögnir og Reginn
að ranni heimis;
<< hlustar Óðinn
Hliðskjálfu í;
leit braut vera
langa vegu.

* Frá enn vitri
veiga selju
banda burður
og brauta sinnar;
hlýrnis, heljar,
heims ef vissi
ártíð, æfi,
aldurtila.

< Né mun mælti,
né mál knátti
Gefjun greiða,
né glaum hjaldi;
<< tár af tíndust
törgum hjarnar,
eljunfaldin
endurrjóða.

* Eins kemur austan
úr Élivágum
þorn af akri
þurs hrímkalda,
hveim drepur dróttir
Dáinn allar
mæran of Miðgarð
með nátt hverri.

* Dofna þá dáðir
detta hendur,
svífur of svimi
sverð áss hvíta;
< rennir örvit
rýggjar glyggvi,
sefa sveiflum
sókn gjörvallri.

* Jamt þótti Jórunn
jólnum komin,
sollin sútum,
svars er ei gátu;
sóttu því meir
að syn var fyrir,
mun þó miður
mælgj dugði.

Fór frumkvöðull
fregnar brauta,
hirðir að Herjans
horni Gjallar;
Nálar nefa
nám til fylgis,
greppur Grímnis
grund varðveitti.

Vingólf tóku
Viðars þegnar,
Fornljóts sefum
fluttir báðir;
> iðar ganga,
æsi kveðja
Yggjar þegar
við ölteiti.

>> Heilan Hangatý
heppnastan ása,
virt öndvegis
valda báðu;
> sæla að sumbli
sitja día,
æ með Yggjungi
yndi halda

* Bekkjarsett
að Bölverks ráði
sjöt Sæhrímni
saddist rakna;
Skögul að skutlum
skaptker Hnikars
mat af miði
Mímis hornum.

Margs of frágu
máltíð yfir
Heimdall há goð,
hör gar Loka,
spár eða spakmál
sprund ef kenndi,
undorn of fram,
unz nam húma.

< Illa létu
orðið hafa
erindleysu
oflítilfræga;
vant að væla
verða myndi,
svo af svanna
svars of gæti.

<< Ansar Ómi
allir hlýddu:
„Nótt skal nema
nýræða til;
hugsi til myrgins
hver sem orkar
ráð til leggja
rausnar ásum!"

* Rann með röstum
Rindar móður
fóðurlarður
fenris valla;
< gengu frá gildi
goðin, kvöddu
Hropt og Frigg
sem Hrímfaxa fór.

<< Dýrum settan
Dellings mögur
jó fram keyrði
jarknasteinum:
< mars of Manheim
mön af glóar,
dró leik Dvalinns
drösull í reið.

* Jörmungrundar
í jódyn nyrðra
und rót yztu
aðalpollar
gengu til rekkju
gýgjur og þursar,
náir, dvergar
og dökkálfar.

Risu raknar,
rann álfröðull,
norður að Niflheim
njóla sótti;

upp nam Árgjöll
Úlfrúnar niður,
hornþytvaldur
Himinbjarga.

***** ISBN 978-9935-409-29-4 *****

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

rastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægisdjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality“-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap“. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rötfastum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknsmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað í hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynslulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumlifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Goprun dimblá Guðrún Kristín Magnúsdóttir